# Hampiðjan hf.

## Ársreikningur 2003

# Ársreikningur 2003

**Efnisyfirlit:** **Bls.**


| | |
|---|---|
| Áritun stjórnenda............................................................................................ | 1 |
| Áritun endurskoðenda.................................................................................... | 2 |
| Rekstrarreikningur.......................................................................................... | 3 |
| Efnahagsreikningur......................................................................................... | 4 - 5 |
| Sjóðstreymi.................................................................................................... | 6 |
| Skýringar........................................................................................................ | 7 - 14 |



Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Bíldshöfða 9
Reykjavík

# Ársskýrsla stjórnar

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og samstæðureikning félagsins og dótturfélaganna Balmar Fios Lda. í Portúgal, Hampidjan Namibia Ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Ltd. í Bandaríkjunum, Swan - Net Gundry Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku, AS Hafi Ltd. í Noregi, Rope Net and Twine ltd. í Kanada, Hampidjan Denmark a/s í Danmörku, UAB Hampidjan Baltic í Litháen, Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. á Íslandi og Tben ehf. á Íslandi.

## Samstæða

Söluverðmæti samstæðunnar á árinu var 4.386 milljónir króna sem er 8% meira en árið áður. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 533, en voru 413 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 1.283 milljónum, þar af voru 148 milljónir launatengd gjöld.

## Móðurfélag

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður félagsins 160 milljónir króna. Söluverðmæti móðurfélagsins á árinu var 1.723 milljónir króna sem er 1% meira en árið áður. Unnin ársverk hjá móðurfélaginu voru 145, en voru 159 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 506 milljónum, þar af voru 80 milljónir launatengd gjöld.

Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam í árslok 2.039 milljónum og eiginfjárhlutfall var 46%. Hlutafé í árslok nam 500 milljónum króna og innra virði félagsins var því 4,1. Síðasta skráða viðskiptagengi með hlutabréf félagsins á sl. ári var 6,0.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 375 í árslok, en var 433 í ársbyrjun. Í árslok átti Vogun hf. 28% af hlutafé félagsins, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 áttu 13% af hlutafé félagsins, en aðrir hluthafar áttu minna en 10%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 10% arður til hluthafa á árinu 2004, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfunar hagnaðar.

Stjórn Hampiðjunnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins og samstæðureikning fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. mars 2004

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson — Kristján Loftsson

Sigurður Egill Guttormsson — Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

# Áritun endurskoðenda

**Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 34 fyrir móðurfélag og samstæðu. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu móðurfélagsins og samstæðunnar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 26. mars 2004

**PricewaterhouseCoopers hf**

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Ég undirritaður kjörinn skoðunarmaður Hampiðjunnar hf. hef farið yfir ársreikning þennan. Hef ég í skoðun minni ekkert fundið athugavert og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 26. mars 2004

Soffía Guðmundsdóttir

# Rekstrarreikningur 2003

| | Skýr. | Samstæða 2003 | Samstæða 2002 | Móðurfélag 2003 | Móðurfélag 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta.................................. | | **4.386.061** | 4.077.061 | **1.722.682** | 1.705.452 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Hráefni og birgðabreyting afurða..................... | | **2.059.306** | 1.947.958 | **832.408** | 812.907 |
| Vinnulaun við framleiðslu................................. | | **840.662** | 788.820 | **351.245** | 365.813 |
| Önnur rekstrargjöld.......................................... | | **1.066.388** | 983.879 | **380.702** | 373.431 |
| | | **3.966.356** | 3.720.657 | **1.564.355** | 1.552.151 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | **419.705** | 356.404 | **158.327** | 153.301 |
| Afskriftir fastafjármuna.................................... | 7,17 | **(179.325)** | (155.690) | **(53.725)** | (56.052) |
| **Rekstrarhagnaður** | | **240.380** | 200.714 | **104.602** | 97.249 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.................... | 15 | **(89.213)** | 3.221 | **6.040** | 53.430 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga....................... | 21 | **75.819** | 161.951 | **75.819** | 161.951 |
| | | **(13.394)** | 165.172 | **81.859** | 215.381 |
| **Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld** | | **226.986** | 365.886 | **186.461** | 312.630 |
| **Aðrar tekjur (gjöld)** | | | | | |
| Aðrar tekjur (gjöld)........................................... | | **0** | (41.144) | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | **226.986** | 324.742 | **186.461** | 312.630 |
| Tekju- og eignarskattur.................................... | 27 | **(17.118)** | (45.505) | **(26.329)** | (49.897) |
| **Hagnaður eftir skatta** | | **209.868** | 279.237 | **160.132** | 262.733 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga........ | | **(49.736)** | (16.504) | | |
| **Hagnaður ársins** | | **160.132** | 262.733 | **160.132** | 262.733 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2003

## Eignir

| | Skýr. | Samstæða 2003 | Samstæða 2002 | Móðurfélag 2003 | Móðurfélag 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | |
| Viðskiptavild | 16 | **217.055** | 209.624 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 17 | **1.702.283** | 1.364.833 | **626.804** | 638.298 |
| Vélar, áhöld og tæki | 17 | **878.981** | 667.242 | **396.110** | 403.904 |
| | | **2.581.264** | 2.032.075 | **1.022.914** | 1.042.202 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 20-22 | **805.948** | 661.359 | **1.835.161** | 1.418.057 |
| Lán til dótturfélaga | | | | **145.146** | 128.700 |
| Skuldabréf og langtímakröfur | | **170.159** | 180.908 | **158.413** | 169.737 |
| | | **976.107** | 842.267 | **2.138.720** | 1.716.494 |
| **Fastafjármunir samtals** | | **3.774.426** | 3.083.966 | **3.161.634** | 2.758.696 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | 23 | **1.486.455** | 1.322.841 | **455.028** | 487.522 |
| Viðskiptakröfur | 24 | **922.799** | 987.855 | **164.699** | 252.347 |
| Viðskiptakröfur á dótturfélög | | | | **385.550** | 270.308 |
| Aðrar skammtímakröfur | | **40.413** | 29.118 | **14.798** | 8.605 |
| Handbært fé | 11 | **432.966** | 139.714 | **263.162** | 13.109 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **2.882.633** | 2.479.528 | **1.283.237** | 1.031.891 |
| **Eignir samtals** | | **6.657.059** | 5.563.494 | **4.444.871** | 3.790.587 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2003

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **2003** | 2002 | **2003** | 2002 |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | 25 | **499.792** | 494.125 | **499.792** | 494.125 |
| Annað eigið fé | 26 | **1.539.678** | 1.373.023 | **1.539.678** | 1.373.023 |
| **Eigið fé móðurfélags** | 26 | **2.039.470** | 1.867.148 | **2.039.470** | 1.867.148 |
| Hlutdeild minnihluta | | **476.474** | 352.163 | | |
| | | **2.515.944** | 2.219.311 | | |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Skuldbindingar: | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 27 | **206.703** | 202.704 | **211.985** | 205.367 |
| Langtímaskuldir | 28 | **2.214.661** | 1.402.854 | **1.462.895** | 726.933 |
| Skammtímaskuldir: | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | **720.682** | 525.840 | **227.480** | 461.578 |
| Viðskiptaskuldir | | **710.562** | 894.553 | **174.097** | 168.390 |
| Skuld við dótturfélög | | | | **228.651** | 185.433 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 28 | **250.321** | 256.714 | **79.186** | 149.780 |
| Skattar ársins | | **38.186** | 61.518 | **21.107** | 25.958 |
| | | **1.719.751** | 1.738.625 | **730.521** | 991.139 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | **4.141.115** | 3.344.183 | **2.405.401** | 1.923.439 |
| **Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals** | | **6.657.059** | 5.563.494 | **4.444.871** | 3.790.587 |
| Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar | 29-31 | | | | |

# Sjóðstreymi 2003

| | Skýr. | Samstæða 2003 | Samstæða 2002 | Móðurfélag 2003 | Móðurfélag 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | | | |
| Hagnaður ársins | | **160.132** | 262.733 | **160.132** | 262.733 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 17 | **179.325** | 155.689 | **53.725** | 56.052 |
| Hækkun (lækkun) tekjuskattsskuldb | 27 | **(19.996)** | 13.121 | **6.618** | 23.669 |
| Verðb. og gengism. af langt.sk. og kröfum | | **14.577** | (135.492) | **(36.628)** | (136.316) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | **(55.988)** | (147.815) | **(58.620)** | (142.992) |
| Hagnaður af sölu eigna | | **(2.587)** | (62.473) | | (51.232) |
| Afskrifuð hlutabréfaeign | | | 119.788 | | 119.788 |
| **Veltufé frá rekstri** | | **275.463** | 205.551 | **125.227** | 131.702 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Lækkun (hækkun) skammtímakrafna | | **237.355** | 12.389 | **(22.983)** | 59.626 |
| Lækkun (hækkun) birgða | | **22.468** | 40.748 | **32.494** | 53.512 |
| (Lækkun) hækkun skammtímaskulda | | **(261.357)** | (69.640) | **(243)** | (90.545) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **273.929** | 189.048 | **134.495** | 154.295 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | **(247.197)** | (246.517) | **(305.345)** | (86.154) |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum | | | 101.525 | | 101.525 |
| Hluthafalán, breyting | | | | **(4.467)** | 9.127 |
| Skuldabréf og langtímakröfur, breyting | | **5.191** | 19.766 | **6.666** | 18.592 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 17 | **(105.949)** | (71.009) | **(34.437)** | (21.072) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 17 | **18.123** | 132.245 | | 3.700 |
| | | **(329.832)** | (63.990) | **(337.583)** | 25.718 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán, hækkun (lækkun) | | **(188.491)** | 86.325 | **(210.681)** | 31.485 |
| Tekin ný langtímalán | 28 | **938.606** | 123.702 | **819.955** | |
| Afborgun langtímalána | 28 | **(385.954)** | (229.806) | **(129.388)** | (154.940) |
| Eigin hlutabréf, breyting | | **22.667** | (4.200) | **22.667** | (4.200) |
| Arður greiddur til hluthafa | | **(49.412)** | (39.610) | **(49.412)** | (39.610) |
| | | **337.416** | (63.589) | **453.141** | (167.265) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | **281.513** | 61.469 | **250.053** | 12.748 |
| Handbært fé í byrjun árs | | **151.453** | 78.245 | **13.109** | 361 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | **432.966** | 139.714 | **263.162** | 13.109 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar og móðurfélagsins. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

2. Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Ársreikningur samstæðu

3. Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. innifelur ársreikninga Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga hennar. Dótturfélögin eru: Balmar Fios Portúgal, Cosmos Trawl Danmörku, Hampidjan USA, Hampidjan Namibia, Hampidjan New Zealand, AS Hafi Noregi, Swan Net Gundry Írlandi, Rope Net and Twine Kanada, Hampidjan Denmark, Hampidjan Baltic Litháen, Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. Íslandi og Tben ehf. Íslandi.

   Ársreikningurinn inniheldur í fyrsta sinn dótturfélögin Rope Net & Twine ltd., Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf., Tben ehf., Hampidjan Denmark a/s og Hampidjan Baltic.

   Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hafa á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

   Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfélaganna eru færð á meðalgengi ársins. Þýðingarmunur vegna yfirfærslu reikningsskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárliða.

   Í reikningsskilum samstæðunnar eru notaðir endurskoðaðir ársreikningar dótturfélaganna, utan reikningsskila Hampidjan USA, en þar er notað uppgjör félagsins sem er óendurskoðað.

### Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

4. Verðtryggðar eignir og skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2004. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning.

### Innlausn tekna

5. Tekjufærsla sölu er miðuð við afhendingartíma vara og þjónustu.

### Viðskiptavild

6. Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa Swan Net á Gundrys á árinu 2002, vegna kaupa á Cosmos á árinu 2001 og viðbótin á árinu 2003 er tilkomin vegna viðbótar viðskiptavildar í Swan Net Gundrys. Afskriftartími viðskiptavildar er allt að 20 ár.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kaupverði að frádregnum afskriftum, þó með því fráviki að kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr, hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfélaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok tímabilsins. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af kaupverði miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími og niðurlagsverð greinist þannig:

| | Nýtingartími | Niðurlagsverð |
|---|---|---|
| Fasteignir................................................................................................................ | 20 - 100 ár | 10% |
| Vélar og áhöld......................................................................................................... | 4 - 12 ár | 0 - 12% |

**Eignarhlutir í öðrum félögum**

8. Eignarhlutir Granda hf. og Vaka DNG hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Eignarhlutirnir eru færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikning. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði til byrjunar ársins 2002, en án framreiknings eftir það.

**Birgðir**

9. Hráefni eru metin á innkaupsverði.

   Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna.

**Skammtíma- og langtímakröfur**

10. Skammtíma- og langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

**Handbært fé**

11. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Tekjuskattsskuldbinding**

12. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

    Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

**Samanburðarfjárhæðir**

13. Eignir og skuldir koma inn í samstæðuna í byrjun ársins og á árinu, vegna dótturfélaga sem færð eru í fyrsta sinní ársreikninginn. Þessar eignir og skuldir eru ekki í samanburðartölum vegna fyrra árs, en eru hins vegar í upphæðum frá fyrra ári í skýringum og sjóðstreymi.

## Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Laun | 1.135.541 | 426.300 |
| Launatengd gjöld | 147.642 | 79.900 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.283.183 | 506.200 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu | 533 | 145 |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

15. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda | (61.146) | (7.921) |
| Vaxtagjöld skammtímaskulda að frádregnum vaxtatekjum | (22.792) | (4.236) |
| Fenginn arður, söluhagnaður (tap) hlutabréfa og hlutdeild í afkomu dótturfélaga | (5.275) | 18.197 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | (89.213) | 6.040 |

## Fastafjármunir

### Viðskiptavild

16. Viðskiptavild greinist þannig:

| | Samstæða |
|---|---|
| Viðskiptavild í byrjun árs | 209.624 |
| Viðbótar viðskiptavild vegna kaupa á Swan Net Ltd | 9.582 |
| Gengismunur | 12.059 |
| Afskrifað á árinu | (14.210) |
| Viðskiptavild í lok ársins | 217.055 |

### Varanlegir rekstrarfjármunir

17. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| **Samstæða:** | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 2.206.762 | 2.127.534 | 4.334.296 |
| Gengismunur | 58.521 | 37.012 | 95.533 |
| Viðbót á árinu | 71.811 | 98.734 | 170.545 |
| Selt og niðurlagt á árinu | (57.711) | (35.942) | (93.653) |
| Stofnverð í lok ársins | 2.279.383 | 2.227.338 | 4.506.721 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 574.512 | 1.233.046 | 1.807.558 |
| Gengismunur | 9.431 | 21.219 | 30.650 |
| Selt og niðurlagt á árinu | (47.590) | (30.276) | (77.866) |
| Afskrifað á árinu | 40.747 | 124.368 | 165.115 |
| Afskrifað samtals | 577.100 | 1.348.357 | 1.925.457 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok ársins | 1.702.283 | 878.981 | 2.581.264 |

**<u>Móðurfélag:</u>**

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 1.000.447 | 1.172.858 | 2.173.305 |
| Viðbót á árinu | | 34.436 | 34.436 |
| Stofnverð í lok ársins | 1.000.447 | 1.207.294 | 2.207.741 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 362.149 | 768.953 | 1.131.102 |
| Afskrifað á árinu | 11.494 | 42.231 | 53.725 |
| Afskrifað samtals | 373.643 | 811.184 | 1.184.827 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok ársins | 626.804 | 396.110 | 1.022.914 |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 165.115 | 53.725 |
| Afskrift viðskiptavildar | 14.210 | |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 179.325 | 53.725 |

| | | Vátryggingar-fjárhæð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| 18. | Vélar, áhöld og tæki samstæðunnar greinast þannig | 1.791.000 | 878.981 |
| | Vélar, áhöld og tæki móðurfélagsins greinast þannig | 739.000 | 396.110 |

Vátryggingarupphæðin er miðuð við endurkaupsverð sambærilegra véla, áhalda og tækja.

19. Fasteignir greinast þannig:

| | Fasteignamat hús | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Verksmiðjubygging að Bíldshöfða 9, móðurfélag | 476.856 | 747.851 | 377.322 |
| Verksmiðjubygging að Súðarvogi 4, móðurfélag | 191.217 | 302.496 | 249.481 |
| Aðrar fasteignir á Íslandi | 124.480 | 359.405 | 146.503 |
| Fasteignir og lóð Swan Net - Gundry Ltd, Írland | | 323.084 | 323.084 |
| Verksmiðjubygging í Pombal, Portúgal | | 108.376 | 86.338 |
| Fasteign í Walvis Bay, Namibíu | | 16.663 | 25.569 |
| Fasteignir í Hirtshals og Skagen, Danmörku | | 312.274 | 312.274 |
| Fasteign í Siauliai, Litháen | | 630.724 | 181.710 |
| Samtals samstæða | 792.553 | 2.800.874 | 1.702.283 |

Fasteignamat leigulóða móðurfélagsins í lok ársins var kr. 188,8 milljónir.

**Eignarhlutir í öðrum félögum**

20. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignar-hluti | Samstæða Bókfært verð | Móðurfélag Nafnverð | Móðurfélag Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Dótturfélög innifalin í samstæðureikningi** | | | | |
| Balmar Fios, Portúgal | 90% | | 80.784 | 249.032 |
| Hampidjan Namibia | 100% | | 7.613 | 48.982 |
| Swan Net - Gundry, Írlandi | 51% | | 643 | 311.929 |
| Hampidjan USA | 100% | | 62 | 52.602 |
| Hampidjan New Zealand | 100% | | 11.738 | 59.145 |
| Cosmos Trawl, Danmörku | 60% | | 119.354 | 116.447 |
| AS Hafi ltd., Noregi | 100% | | 2.126 | |
| Rope, Net and Twine ltd | 100% | | 6 | 51.208 |
| Hampidjan Denmark | 100% | | 12.056 | 81.666 |
| Hampidjan Baltic | 100% | | 113.897 | 39.114 |
| Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf | 51% | | 22.993 | 66.275 |
| Tben ehf | 60% | | 7.500 | |
| Samtals | | | 378.773 | 1.076.400 |
| **Önnur dótturfélög** | | | | |
| Netagerð Vestfjarða hf | 60% | 12.409 | | |
| Candís ehf | 100% | 3.182 | 500 | 3.182 |
| Samtals | | 15.591 | 500 | 3.182 |
| **Hlutdeildarfélög** | | | | |
| Grandi hf | 10% | 625.047 | 137.075 | 625.047 |
| Vaki - DNG hf | 25% | 19.738 | 16.961 | 19.738 |
| Samtals | | 644.785 | 154.036 | 644.785 |
| **Önnur félög** | | | | |
| Scandsea AB | 1% | 46.446 | 332 | 46.446 |
| Set ehf | 8% | 7.528 | 783 | 7.528 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf | | 7.554 | 4.661 | 7.554 |
| Netagerð Aðalsteins ehf | 20% | 6.000 | 163 | 6.000 |
| Samherji hf | | 29.638 | 3.000 | 29.638 |
| Síldarvinnslan hf | | 12.847 | 2.000 | 10.241 |
| Net Services Shetland ltd | 20% | 24.505 | | |
| Gúmmíbátaþjónusta Austurlands ehf | | 7.617 | | |
| Fiskmarkaður Íslands hf | | 759 | 724 | 759 |
| Önnur félög | | 2.678 | 2.202 | 2.628 |
| Samtals | | 145.572 | 13.865 | 110.794 |
| Eignarhlutir samtals | | 805.948 | 547.174 | 1.835.161 |

21. Hreyfingar ársins á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Grandi | Vaki DNG | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða hlutabréfaeignar í ársbyrjun | 513.235 | 22.786 | 536.021 |
| Keypt hlutafé á árinu | 51.672 | | 51.672 |
| Hluti í endurmati á árinu | 2.176 | (342) | 1.834 |
| Arður ársins | (20.561) | | (20.561) |
| Hlutdeild í hagnaði ársins | 78.525 | (2.706) | 75.819 |
| Eignarhluti í hlutdeildarfélögum í lok ársins | 625.047 | 19.738 | 644.785 |

22. Bókfært verð hlutabréfa í ársreikningnum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er kr. 688 milljónir en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi í lok ársins er kr. 979 milljónir. Eignarhlutirnir eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð eða kostnaðarverðsaðferð.

## Veltufjármunir

### Birgðir

23. Birgðir sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Afurðir | 619.559 | 299.623 |
| Vörur í vinnslu | 33.494 | 13.008 |
| Afurðir og vörur í vinnslu samtals | 653.053 | 312.631 |
| Hráefni | 833.402 | 142.397 |
| Birgðir samtals | 1.486.455 | 455.028 |

### Viðskiptakröfur

24. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 90,6 milljónir í efnahagsreikningi samstæðunnar og um kr. 42 milljónir hjá móðurfélaginu og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í byrjun árs | 90.370 | 43.832 |
| Endanlega tapaðar kröfur á árinu | (31.711) | (3.365) |
| Breyting niðurfærslu á árinu | 31.896 | 1.562 |
| Niðurfærsla í lok ársins | 90.555 | 42.029 |

## Eigið fé

25. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé samkvæmt samþykktum | 500.000 |
| Eigið hlutafé | (208) |
| Samtals | 499.792 |

26. Yfirlit yfir eigið fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 494.125 | 45.466 | 95.374 | (57.650) | 1.289.833 | 1.867.148 |
| Arður til hluthafa | | | | | (49.412) | (49.412) |
| Hagnaður ársins | | | | | 160.132 | 160.132 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | 1.834 | 1.834 |
| Þýðingarmunur | | | | 37.101 | | 37.101 |
| Seld eigin hlutabréf | 5.667 | 17.000 | | | | 22.667 |
| Samtals | 499.792 | 62.466 | 95.374 | (20.549) | 1.402.387 | 2.039.470 |

## Skuldir og skuldbindingar

### Tekjuskattsskuldbinding

27. Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs | 228.001 | 205.367 |
| Tekjuskattur ársins | 13.711 | 23.144 |
| Gengismunur | 1.335 | |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári | (36.344) | (16.526) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins | 206.703 | 211.985 |

### Langtímaskuldir

28. Yfirlit yfir langtímaskuldir:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | Vextir | Upphæð | Vextir | Upphæð |
| Verðtryggð lán í íslenskum krónum | 6,7% | 147.065 | 6,7% | 20.167 |
| Í erlendum gjaldmiðlum: | | | | |
| Lán í USD | 2,5% | 474.756 | 2,5% | 473.278 |
| Lán í SEK | 4,4% | 33.993 | 4,4% | 33.993 |
| Lán í NOK | 4,4% | 6.855 | 4,4% | 6.855 |
| Lán í JPY | 1,4% | 103.416 | 1,4% | 103.416 |
| Lán í GBP | 5,4% | 21.319 | 5,4% | 21.319 |
| Lán í EUR | 3,8% | 1.276.941 | 3,4% | 718.439 |
| Lán í CHF | 1,6% | 164.614 | 1,6% | 164.614 |
| Lán í DKK | 3,5% | 236.023 | | |
| | | 2.317.917 | | 1.521.914 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afb. | | 2.464.982 | | 1.542.081 |
| Næsta árs afborgun | | (250.321) | | (79.186) |
| Langtímaskuldir samtals | | 2.214.661 | | 1.462.895 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í lok ársins.

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár: | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Árið 2004 | 250.321 | 79.186 |
| Árið 2005 | 278.454 | 138.754 |
| Árið 2006 | 273.951 | 146.330 |
| Árið 2007 | 269.036 | 145.837 |
| Árið 2008 | 216.912 | 130.762 |
| Síðar | 1.176.308 | 901.212 |
| Samtals | 2.464.982 | 1.542.081 |

## Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

29. Á eignum móðurfélags og samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 2.611 milljónum. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Veðsetning | Bókfært verð | Veðsetning |
| Fasteignir | 1.570.460 | 1.791.282 | 626.804 | 940.206 |
| Hlutabréf | 420.697 | 535.364 | 420.697 | 535.364 |
| Birgðir og viðskiptakröfur | 312.631 | 284.434 | 312.631 | 284.434 |
| Samtals | 2.303.788 | 2.611.080 | 1.360.132 | 1.760.004 |

30. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í lok ársins eru kr. 150 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 4. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.

31. Móðurfélagið hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns og skammtímalána dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánanna er kr. 139 milljón í lok ársins. Einnig ábyrgist móðurfélagið greiðslu langtímalána dótturfélagsins Hampidjan Baltic að upphæð kr. 180 milljónir í lok ársins.

## Aðrar upplýsingar

### Starfskjör stjórnenda

32. Starfskjör stjórnenda móðurfélagsins vegna starfa fyrir félagið og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig

| | Föst laun, hlunnindi og afkomu-tengd laun | Eignarhlutur í árslok |
|---|---|---|
| Forstjóri | 17.287 | 0 |
| Stjórnarformaður | 800 | 20.000 |
| Fjórir aðrir stjórnarmenn | 1.600 | 31.664 |
| Skoðunar- og varaskoðunarmaður | 300 | 8.354 |
| Fjórir framkvæmdastjórar | 33.228 | 0 |
| | 53.215 | 60.018 |

### Kauprréttarsamningar

33. Samkvæmt kaupréttarsamningi seldi Hampiðjan fyrrverandi forstjóra félagsins hlutabréf í félaginu að nafnverði kr. 5.667 þúsund á genginu fjórum.

### Þóknun til endurskoðenda

34. Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar greinist þannig.

| | |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 10.914 |
| Könnun árshlutareikninga | 5.295 |
| Önnur þjónusta | 6.132 |
| Þóknun til endurskoðenda samtals | 22.341 |
| | |
| Þar af til endurskoðenda dótturfélaga | 16.807 |